



# Eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði 2015

–*Samantektarskýrsla um eftirlit í maí 2015*

## 1. Formáli

Markmið efnalaga nr. 61/2013 er að tryggja að meðferð á efnum og efnablöndum valdi hvorki tjóni á heilsu manna né umhverfi, tryggja frjálst flæði á vörum á innri markaði ESB og koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu efnavara. Eitt af hlutverkum Umhverfisstofnunar samkvæmt efnalögum er að hafa eftirlit með markaðssetningu efna og efnablanda sem falla undir lög.

Plöntuverndarvörur er notaðar í landbúnaði og garðyrkju til þess að hefta vöxt, varna sýkingum eða skemmdum í gróðri af völdum hvers kyns lífvera eða til þess að stýra vexti plantna, svo sem plöntulyf, illgresiseyðar og stýriefni.

Í þessu verkefni var farið í eftirlit með plöntuverndarvörum á markaði, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga og reglugerð nr. 350/2014 um meðferð varnarefna og notendaleyfi. Að þessu sinni var lögð sérstök áhersla á að skoða hvort merkingar á plöntuverndarvörum væru í samræmi við gildandi reglur og að öryggisblöð væru aðgengileg fyrir þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

## 2. Tilgangur og markmið

Samkvæmt nýjum efnalögum er Umhverfisstofnun falið að hafa eftirlit með setningu plöntuverndarvara á markað. Plöntuverndarvörur þurfa markaðsleyfi til það að þær megi setja á markað, þær þurfa að vera merktar samkvæmt lögum og reglugerðum og afhenda þarf þeim öryggisblöð sem nota vörurnar í atvinnuskyni.

Í þessu ljósi voru sett fram neðangreind markmið með þessu eftirliti:

- Að ganga úr skugga um að plöntuverndarvörur sem eftirlitsþegi setur á markað séu með leyfi.
- Að athuga hvort merkingar séu í samræmi við gildandi reglur þar um.
- Að kanna hvort öryggisblöð séu aðgengileg fyrir þá sem nota vörurnar í atvinnuskyni.



### 3. Framkvæmd

Starfsmenn Umhverfisstofnunar fóru í eftirlit í 13 fyrirtækjum sem setja plöntuverndarvörur á markað og var úrtakið miðað við að ná til fyrirtækja, sem eru framarlega í aðfangakeðjunni og hafa mikla markaðshlutdeild. Samkvæmt þeim gögnum sem stofnunin hefur undir höndum um innflutning á plöntuverndarvörum, má ætla að fyrirtækin sem voru í úrtakinu séu samanlagt með um eða yfir 90% markaðshlutdeild hér á landi. Eftirlitsþegar koma fram í meðfylgjandi töflu.

**Eftirlitsþegar í eftirliti með plöntuverndarvörum á markaði í maí 2015.**

Fyrirtæki:	Starfsemi:
Bauhaus Ísland ehf	Innflutningur, smásala
Demeter ehf	Innflutningur, heildsala
Frjó Umbúðasalan ehf	Innflutningur, heildsala
Garðheimar Gróðurvörur ehf	Innflutningur, heildsala, smásala
Húsasmiðjan ehf. Blómaval Skútuvogi	Smásala
Húsasmiðjan ehf. Blómaval Akureyri	Smásala
Húsasmiðjan Dalvík	Smásala
Innigarðar ehf	Innflutningur, smásala
Kaupfélag Skagfirðinga (svf.) Byggingavörur	Smásala
Kemi ehf	Innflutningur, heildsala
Nathan og Olsen hf.	Innflutningur, heildsala
Planta ehf.	Smásala
SR-Byggingavörur ehf., Siglufirði	Smásala

Eftirlitsferðir fóru fram dagana 11. og 21. maí 2015. Við komu á staðinn var eftirlitsþega afhent bréf þar sem markmið eftirlitsins komu fram og útskýrt hvernig eftirlitinu yrði háttað. Fulltrúi fyrirtækis var viðstaddur og staðfesti með undirritun sinni að eftirlitið hafi farið fram.

### 4. Niðurstöður

Samtals var skoðaðar 60 plöntuverndarvörur í eftirlitinu og fundust engin frávik í 11 fyrirtækjum af þeim 13 sem voru í úrtakinu. Í 2 fyrirtækjum komu fram 33 frávik vegna 28 vara sem fólgin voru í því að 2 vörur reyndust ekki vera með leyfi til að vera á markaði, gera þurfti breytingar á tímabundinni skráningu fyrir 1 vöru, merkingar voru ófullægjandi fyrir 16 vörur og öryggisblöð voru ekki aðgengileg fyrir 14 vörur vegna þeirra sem nota þær í atvinnuskyni. Vörur sem seldar eru í smásölu og almenningur má nota reyndust allar fullnægja kröfum um merkingar og var því ekki munur hvað þetta varðar í verzlunum á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi.

Eftirlitsþegum voru sendar eftirlitsskýrslur ásamt bréfi í byrjun júlí 2015 og þeim fyrirtækjum, þar sem ekki komu fram frávik, var jafnframt tilkynnt um málslok. Þegar um var að ræða frávik var eftirlitsþega veittur frestur til 31. ágúst 2015 til að bregðast við þeim og gera athugasemdir við eftirlitið. Fyrirtækin brugðust við fyrir tilskilinn frest með því að lagfæra merkingar, uppfæra öryggisblöð á íslensku, senda vörur í förgun og óska eftir að vöru væri bætt inn á lista yfir tímabundnar skráningar.